



Skráning fyrir ávexti, hádegismat og síðdegishressingu

Mikilvægar upplýsingar

Skráning síðasta vetrar flyst ekki á nýtt skólaár!!

Ath. skráning er alfarið á ábyrgð forráðamanna.

- * Forráðamenn sem vilja nýta sér ávaxta, matar og síðdegis áskrift eiga að skrá börn sín á heimasíðu Áslandsskóla. Athugið að skrá kennitölu barns sem umsækjanda.
- * Mataráskrift byrjaði 24. ágúst og reiknast frá þeim degi (1. bekkur byrjaði 25. ágúst).
- * Síðdegishressing er í boði fyrir 5. - 10. bekk og byrjaði 24. ágúst.
- * Fyrsta tímabilið er frá 24. ágúst til og með 30. sept.
- * Skráning er föst inni og helst eins hvert tímabil fyrir sig allt skólaárið.
- * Forráðamenn eiga að afskrá börn sín fyrir 20. hvers mánaðar ef þau eiga að hætta í áskrift og tekur það gildi næsta tímabil á eftir.
- * Áskriftartímabilin eru einn mánuður í senn nema í skólabyrjun bætist ágúst við september og í skólalok bætist júní við maí.
- * Greiðsluseðlar birtast í heimabanka. Greiðandi er sá sem valinn er í skráningarferlinu. Ef greiðandi óskar eftir að reikningar fari á greiðslukort þá er hægt að hafa samband við þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar.
- * Athugið að reikningar eru sendir fyrir fram og koma því í byrjun hvers tímabils nema ágúst og september eru sendir út aðeins seinna og ættu að berast til ykkar í næstu viku. Greiða skal í síðasta lagi á eindaga greiðsluseðils.
- * Ef safnast upp þrír ógreiddir reikningar þá verður send uppsögn á mataráskrift

Skráning/afskráning og greiðsla er á ábyrgð forráðamanna.

Ef forráðamaður er ekki með aðgang að tölvu er hann beðinn um að hafa samband við skrifstofu og skila inn **skriflegri beiðni** um skráningu og skrifstofustjóri/ritari skráir nemandann í fasta áskrift allt skólaárið. Forráðamaður gerir einnig skriflega beiðni um breytingar og afskráningu ef nemandi á að hætta í mataráskrift (athugið tímamörk).

Skólastjóri